



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2026
MSS22060046

Kosning í umhverfis- og skipulagsráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.3.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Samþykkt með sextán atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Hjálmari Sveinssyni, Söru Björgu Sigurðardóttur, Skúla Helgasonar og Ellenar Jacqueline Calmon, borgarfulltrúa Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins, Vinstri grænna og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að taka á dagskrá kosningu í umhverfis- og skipulagsráð gegn tveimur atkvæðum borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur.
Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kosin eru af SPJV lista:

Líf Magneudóttir
Hjálmar Sveinsson
Andrea Helgadóttir
Magnús Davíð Norðdahl

Kosin eru af DC-lista:

Friðjón R. Friðjónsson
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Kosinn er af B-lista:

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Formaður er kjörin án atkvæðagreiðslu, Líf Magneudóttir

Varafulltrúar eru kosnir með sama hætti.

Kosin eru af SPJV lista:

Stefán Pálsson
Birkir Ingibjartsson
Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns

Kosin eru af DC-lista:

Björn Gíslason



Reykjavík



Sandra Hlíf Ocares

Kosinn er af B-lista:

Þorvaldur Daníelsson

Einnig barst listi óháðra borgarfulltrúa, Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, en fulltrúi af þeim lista náði ekki kjöri.

Lögð er fram tilkynning Flokks fólksins um að Einar Sveinbjörn Guðmundsson verði áheyrnarfulltrúi flokksins í umhverfis- og skipulagsráði og Helga Þórðardóttir verði varaáheyrnarfulltrúi.

Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Við mótmælum málsmeðferð vegna tillagna Sjálfstæðisflokksins við endurskipun í ráð og nefndir. Tillögurnar voru fyrst kynntar eftir að yfirstandandi fundur borgarstjórnar hófst, sem gengur í berhögg við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Í 10. grein samþykktarinnar er skýrlega kveðið á um að tilkynna skuli forsætisnefnd skriflega um mál, sem óskað er eftir að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar, fyrir kl. níu á föstudegi fyrir reglulegan fund. Einnig er kveðið á um það í áðurnefndri grein að þegar kosningar til ráða séu á dagskrá borgarstjórnar, skuli senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra, sem lagt er til að taki sæti. Þar sem formreglum var ekki fullnægt, hefði verið eðlilegt að fresta afgreiðslu tillögunnar. Komið hefur fyrir að slíkar tillögur hafa verið teknar á dagskrá borgarstjórnarfundar með afbrigðum. Í þeim tilvikum hefur verið um mannbreytingar að ræða, sem sátta hefur verið um. Ekki er um slíka sátta að ræða í þessu tilviki. Markmið tillagnanna er að útiloka tvo borgarfulltrúa frá öllu nefndastarfi á vettvangi borgarstjórnar. Þar sem starf borgarstjórnar grundvallast á slíku nefndastarfi, hafa tillögurnar víðtæk ólýðræðisleg áhrif. Vegna þess hefði einnig verið rétt að fresta afgreiðslu tillagnanna og gefa þannig borgarfulltrúum tíma til að kynna sér þær og meta áhrif þeirra.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Skrifstofa borgarstjórnar
Launadeild
Regluvörður
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Kjörnir fulltrúar